

Neytendastofa
Borgartúni 21
105 Reykjavík

HVERFISGÖTU 105
101 REYKJAVÍK

SÍMI 545 1200
FAX 545 1212
Netfang ns@ns.is
www.ns.is

Reykjavík 23. nóvember 2007

Efni: Kæra vegna vörusvika við sölu á rauðu ginsengi.

Neytendasamtökunum hafa borist kvartanir frá neytendum vegna gæða á ginsengi sem flutt er inn af heildversluninni Eggert Kristjánsson og sem selt er undir nafninu „Fæða fyrir alla“. Þessi vara er merkt með áberandi stöfum á umbúðum „Rautt kóreskt ginseng“ og á pakkanum kemur einnig fram „Royal Korean Ginseng, Premium Quality“.


Kvartanirnar sem bárust Neytendasamtökunum lutu að því að um væri að ræða vöru sem ekki skilaði þeim árangri sem ætla mætti. Að hálfu eins kvartanda var því jafnframt haldið fram að hvítt ginseng væri notað í þessa framleiðslu en ekki rautt ginseng eins og skýrt kemur fram á umbúðum. Jafnframt hefur verið fullyrt við Neytendasamtökin að gæði á hvítu ginsengi séu mun minni en á rauðu ginsengi.

Vegna þessa ákváðu Neytendasamtökin að fá viðurkennda og faggilta rannsóknarstofu til að rannsaka þessa vöru og fá úr því skorið hvort notað væri hvítt eða rautt ginseng. Það var þýska rannsóknarstofan PhytoLab sem rannsakaði vöruna og fylgir skýrsla hennar með þessari kæru.

Í niðurstöðum rannsóknarstofunnar kemur fram að þetta var rannsakað með þremur aðferðum. Einnig að í öllum tilvikum komi greinilega fram „that the tested capsules contain white ginseng powder“.

Vegna þessa óska Neytendasamtökin eftir því við Neytendastofu að dreifingaraðila verði bannað að markaðssetja eða merkja þessa vöru sem rautt ginseng, enda ljóst að um fölsun er að ræða þar sem hvítt ginseng er notað í þessa framleiðslu. Þess er jafnframt óskað að Neytendastofa hraði aðgerðum sínum enda óþolandi að verið sé að selja neytendum svikna vöru.

Virðingarfyllt
f.h. Neytendasamtakanna


Jóhannes Gunnarsson formaður